



Reykjavík 3. júlí 2017

Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi  
Ríkisendurskoðun  
Pósthólf 5350  
125 Reykjavík

Skýrslubeiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis til ríkisendurskoðanda, sbr. 17. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, um úttekt á stjórnýslu, framkvæmd, skilvirkni og ákvarðanatöku innanríkisráðherra, Samgöngustofu og Isavia ohf. vegna lokunar á flugbraut 06/24 á Reykjavíkurlugvelli út frá gildandi lögum og stöðlum.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis óskar eftir að ríkisendurskoðandi framkvæmi stjórnýsluúttekt á ferli sem leiddi til lokunar á flugbraut 06/24 á Reykjavíkurlugvelli samkvæmt niðurstöðu hæstaréttardóms í máli nr. 268/2016.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd óskar eftir að markmið úttektarinnar verði að leiða í ljós hvort stjórnýsla málsins sé nægilega vönduð, hvort ábyrgð sé skýr og hvort nýting ríkisfjár sé forsvararanleg og hvað gera hefði mátt betur.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd telur rétt að stjórnýsluúttektin miðist við að varpa ljósi á og upplýsa um samskipti stjórnvalda og Reykjavíkurborgar, samskipti þessara aðila við aðra í stjórnýslunni og þá sérstaklega lögformleg samskipti Isavia ohf. og Samgöngustofu.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd beinir því einnig til ríkisendurskoðanda að kanna aðra þætti sem varða stöðu Reykjavíkurlugvallar sem embættið telur að rétt að skoða, svo að heildarmynd fái af stjórnýslu í málefnum vallarins a.m.k. frá byrjun árs 2013 til dagsins í dag.

Meðfylgjandi skjöl:

1. Fyrirspurn: Tímalína um lokun brautar 06/24 á Reykjavíkurlugvelli (Upplýsinga- og rannsóknþjónusta Alþingis, 24. maí 2017).

STJÓRNSKIPUNAR - OG EFTIRLITSNEFND



2. Lokun brautar 06/24 á Reykjavíkurlflugvelli (Félag íslenskra atvinnuflugmanna, 13. mars 2017).
3. Fyrirhuguð breyting á flugvallarkerfi Reykjavíkurlflugvallar, áhættumatsskýrsla útgáfa 2 (Isavia, 22. maí 2015).
4. Mat á nothæfisstuðli Reykjavíkurlflugvallar samkvæmt viðmiði ICAO (EFLA verkfræðistofa, nóvember 2014).
5. Reykjavíkurlflugvöllur – Áhrif brauta 06/24 á nothæfistíma fyrir áætlunarflug og sjúkraflug (EFLA verkfræðistofa nóvember 2014).
6. Samkomulag um skipulag og uppbyggingu á landi ríkisins við Skerjafjörð (Eignasjóður Reykjavíkurborgar og ríkissjóðs Íslands, 1. mars 2013).
7. Samkomulag um innanlandsflug (ríki, Reykjavíkurborg og Icelandair Group, 25. október 2013).
8. Samkomulag án heitis (þáverandi innanríkisráðherra og þáverandi borgarstjóri, 25. október 2013).

STJÓRNSKIPUNAR- OG EFTIRLITSNEFND